

Föstudaginn 10. maí 1991.

Nr. 48/1991. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Herði Karlssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Áfrýjun. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. desember 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og staðfestingar á ævilangri öku-leyfisviptingu. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var af hálfu ákærvalds krafist staðfestingar á sakfellingu ákærða og sviptingu ökuréttinda, en jafnframt, að refsing ákærða yrði vegna skilorðsrofa á reynslulausn frá 26. maí 1989 þyngd og ákvörðuð til viðbótar óafplánuðum eftirstöðvum refsingar, 207 dögum. Þá var þess krafist, að ákærði yrði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar í héraði og áfrýjunarkostnaðar.

Af hálfu ákærða er þess aðallega krafist, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð fyrir sakadómi Reykjavíkur verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju, en til vara, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákærvalds. Jafnframt er krafist málsvarnarlauna.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal bréf Fangelsismálastofnunar ríkisins varðandi skilorðsbundna reynslulausn ákærða frá 26. maí 1989 vegna óafplánaðrar refsingar, sem var samtals 207 dagar, og bréf sömu stofnunar, dagsett 22. apríl 1991, þar sem fram kemur, að ákærði hefur ekki afplánað framangreindar eftirstöðvar.

I.

Skipaður verjandi ákærða styður ómerkingar- og heimvísunar-kröfu sína þeim rökum, að dómari málsins í héraði, sem er fulltrúi

yfirsakadómarans í Reykjavík, hafi verið vanhæfur til að fara með málið vegna fyrri afskipta annars fulltrúa yfirsakadómara af því. Vísar verjandinn í því sambandi til bréfs Símonar Sigvaldasonar, fulltrúa yfirsakadómara, til ríkissaksóknara, dagsetts 11. júní 1990, en bréf þetta var ritað í tilefni af sáttarheimild í máli ákærða, er fulltrúi ríkissaksóknara hafði sent sakadómi Reykjavíkur með bréfi, dagsettu 30. maí 1990. Í bréfi fulltrúa yfirsakadómara sagði svo: „Eins og sakarferli kærða er háttað þykir ekki unnt að afgreiða mál hans með dómsátt samkvæmt 112. gr. laga nr. 74/1974.“

Afskipti fulltrúa yfirsakadómara af máli þessu fyrir útgáfu ákæru í málinu voru samkvæmt framansögðu þau að endursenda málið til ríkissaksóknara, þar sem hann taldi skilyrði breyta til að ljúka máli ákærða með dómsátt. Verður ekki talið, að þessi afskipti fulltrúa yfirsakadómara hafi verið þess eðlis, að hætta væri á, að hann gæti ekki litið óhlutdrægt á málavexti, er málið kæmi til efnislegrar meðferðar. Verður ómerkingar- og heimvísunarkröfu ákærða því hafnað.

II.

Fallist er á þá niðurstöðu héraðsdómara, að ákærði hafi gerst sekur um atferli það, sem honum er gefið að sök í ákæru, og er það réttilega heimfært til refsíákvæða í hinum áfrýjaða dómi.

III.

Samkvæmt nýju sakavottorði ákærða, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, hefur hann tvívegis, eftir að hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp, gengist undir dómsátt um greiðslu sektar vegna brota á lögum og reglum um ávana- og fíkniefni, þ.e. 21. desember 1990 og 19. febrúar 1991. Ber því að ákvarða honum refsingu með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo og 77. gr. sömu laga.

Refsíákvæði umferðarlaga nr. 50/1987 hafa ekki að geyma ákvæði um ítrekunaráhrif brota. Tilvísun til 71. gr. almennra hegningarlaga á því hér ekki við. Með broti sínu, sem hér er til meðferðar, rauf ákærði skilorð reynslulausnar, er honum var veitt frá 26. maí 1989. Var héraðsdómara rétt samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga að ákveða refsingu ákærða með hliðsjón af hinn óloknu refsivist, en það var ekki gert í hinum áfrýjaða

dómi. Í áfrýjunarstefnu er hins vegar ekki gerð krafa af hálfu ákærvalds um þyngingu refsingar, og er því rétt að láta við refsí-
ákvörðun héraðsdómara sitja, sbr. 176. gr. laga nr. 74/1974 um
meðferð opinberra mála.

Upplýst er í málinu, að ákærði hlaut fyrst ökuleyfi 21. júlí 1989.
Í dómum yfir honum 12. febrúar og 16. maí 1986 var hins vegar
kveðið á um sviptingu ökuleyfis, enda þótt hann hafi ekki haft slíkt
leyfi á þeim tíma. Það þykir þó ekki breyta því, að með atferli sínu
nú hefur ákærði unnið til ævilangrar ökuleyfis sviptingar samkvæmt
2. mgr. 101. gr. umferðarlaga. Er ákvæði héraðsdóms þar að lút-
andi því staðfest.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Jafnframt
verður ákærði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar,
svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Hörður Karlsson, greiði áfrýjunarkostnað sakar-
innar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur,
og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingi-
mundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. september 1990.

Ár 1990, fimmtudaginn 6. september, er á dómþingi sakadóms Reykja-
víkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birnu Björnsdóttur fulltrúa, kveðinn
upp dómur í sakadómsmálinu nr. 463/1990: Ákærvaldið gegn Herði
Karlssyni, sem tekið var til dóms hinn 4. september sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissóknara, útgefnu 13. júní 1990,
á hendur Herði Karlssyni, Völvufelli 46, Reykjavík, fæddum 15. júlí 1964,
fæðingarnúmer 230, „fyrir að aka aðfaranótt miðvikudagsins 28. mars
1990 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R-61009 frá Ránargötu í Reykjavík
áleiðis að heimili sínu, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á Hverfisgötu
við Snorrabraut.

Telst þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferð-
arlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar öku-
réttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakar-
kostnaðar“.

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins:

Miðvikudaginn 28. mars sl. kl. 2.30 veitti lögreglan í Reykjavík athygli bifreiðinni R-61009, þar sem henni var ekið allgreitt austur Hverfisgötu í Reykjavík. Var bifreiðinni veitt eftirför og akstur hennar stöðvaður við gatnamót við Snorrabraut. Er haft var tal af öikumanni, ákærða í máli þessu, fannst áfengislykt af honum og honum því gert að láta í té öndunarsýni, er sýndi 3. til 4. stig. Ákærði var því færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu til skýrslutöku fyrir varðstjóra. Við yfirheyrslu játaði ákærði að hafa neytt áfengis fyrir akstur, en kvaðst jafnframt hafa neytt áfengis, eftir að akstri lauk, en gat ekki vísað á áfengisflösku í bifreiðinni. Að lokinni yfirheyrslu var ákærði færður á slysadeild Borgarspítalans til töku blóðsýnis til frekari alkóhólrannsóknar. Var jafnframt tekið þvagsýni af ákærða. Samkvæmt niðurstöðu þeirra rannsókna reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1,31‰ og 1,72‰ í þvagi.

Í framburðarskýrslu ákærða fyrir lögreglu 25. apríl sl. viðurkenndi hann neyslu áfengis fyrir akstur í greint sinn. Kvaðst ákærði jafnframt hafa drukkið bjór úr glasi, er hann hafði í bifreiðinni, eftir að lögreglan hafði stöðvað akstur hans. Ákærði kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við akstur.

Við meðferð málsins fyrir dómi 9. júlí sl. bar ákærði, að hann hefði aðfaranótt miðvikudagsins 28. mars sl. ekið bifreiðinni R-61009, eftir að hafa áður neytt áfengis, frá Ránargötu í Reykjavík áleiðis að heimili sínu, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á Hverfisgötu við Snorrabraut.

Kvaðst ákærði hafa drukkið 2 til 3 bjóra úr flöskum frá u.þ.b. 11.45 til 0.45. Bar ákærði, að hann hefði, eftir að hann lét í té öndunarsýni, drukkið bjór úr glasi, er farþegi í bifreiðinni, Ásbjörn Andrasón, var með, og sagði hann það vera innihald u.þ.b. hálfrar flösku. Kvaðst ákærði hafa neytt bjórsins, meðan hann gekk frá bifreiðinni. Ákærði kvaðst rengja niðurstöðu blóð- og þvagrannsóknar og telja, að þær geti ekki staðist með hliðsjón af áfengismagni því, er hann hefði neytt fyrir akstur.

Vitnið Ágúst Ólafsson lögreglumaður gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi 9. júlí sl. Vitnið bar, að það hefði ásamt Guðna Péturssyni lögreglumanni stöðvað akstur bifreiðar ákærða við gatnamót Snorrabrautar og Hverfisgötu. Skýrði vitnið svo frá, að ákærði hefði verið færður yfir í lögreglubifreiðina vegna grunar um ölvun ákærða við akstur. Kvaðst vitnið ekki minnast þess, hvort öndunarsýni var látið í té í lögreglubifreiðinni eða á lögreglustöðinni. Sagði vitnið einn farþega hafa verið í bifreið ákærða. Var bifreiðin færð á lögreglustöðina með kranabifreið. Vitnið bar, að útilokað væri, að ákærði hefði getað neytt áfengis, eftir að akstri lauk. Hann hefði ekki farið aftur í bifreið sína, eftir að hann var færður yfir

í lögreglubifreiðina. Vitnið bar, að það hefði ekki leitað að áfengi í bifreið ákærða.

Vitnið Guðni Pétursson lögreglumaður gaf skýrslu við meðferð málsins fyrir dómi 9. júlí sl. Skýrði vitnið svo frá, að það hefði ásamt öðrum lögreglumanni verið við almennt umferðareftirlit, er þeir hefðu stöðvað bifreið ákærða á Hverfisgötu við Snorrabraut. Vitnið, sem var ökumaður lögreglubifreiðarinnar, kvaðst fyrst hafa haft tal af ákærða, eftir að hann kom inn í lögreglubifreiðina. Vitnið kvaðst ekki geta fullyrt um, hvort öndunarsýni var látið í té í lögreglubifreiðinni eða á lögreglustöðinni. Bar vitnið, að ákærði hefði ekki farið úr lögreglubifreiðinni, fyrr en komið var á lögreglustöðina, og hefði ákærði ekki getað neytt áfengis, eftir að lögreglan stöðvaði akstur hans. Vitnið sagði einn farþega hafa verið í bifreið ákærða. Vitnið kvaðst ekki hafa leitað að áfengi í bifreið ákærða. Hefðu lögreglumennirnir Snorri Magnússon og Jón Ólafsson flutt hana á stöðina.

Ekki var tekin skýrsla af farþega í bifreið ákærða, Ásbirni Andrasyni, sem er búsettur í Danmörku.

Niðurstöður.

Sannað er með niðurstöðu alkóhólrannsóknar, játningu ákærða og öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur gerst sekur um að aka framan-greindri bifreið umrætt sinn undir áhrifum áfengis. Ekkert hefur komið fram í málinu, sem rennir stoðum undir þá fullyrðingu ákærða, að hann hafi neytt áfengis, eftir að akstri lauk, að því loknu að hafa látið í té öndunarsýni.

Með vísan til framburðar lögreglumanna fyrir dómi og alkóhólrannsóknar þykir því sannað, að áfengismagn í blóði ákærða við akstur hafi verið það, sem niðurstaða alkóhólrannsóknar á blóðsýni greinir.

Hefur ákærði með þessu gerst brotlegur við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt refsingum sem hér segir:

[Ákærði hefur sjö sinnum sætt á greiðslu sekta, m.a. einu sinni fyrir ölvunarakstur (1982). Hann hefur sætt fimmtán refsisdómum, m.a. þrisvar fyrir ölvunarakstur, en 1986 var hann sviptur ökuleyfi ævilangt. Leyfið var veitt honum á ný 20. júní 1989. Hinn 26. maí 1989 var ákærða veitt reynslulausn í 2 ár af eftirstöðvum refsingar, 207 dögum.]

Dómar frá 12.2. 1986 og 16.5. 1986 hafa ítrekunaráhrif samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga á brot ákærða, sem hér er fjallað um, og verður ákærða dæmd refsing með tilliti til þess.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, og þykir hún hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga.

Í ákæruskjali er krafist sviptingar ökuréttinda með vísan til 101. og 102. gr. umferðarlaga. Samkvæmt framangreindum ákvæðum ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá 25. apríl 1990, en þann dag var ákærði sviptur ökuréttindum til bráðabirgða.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánsson hdl., kr. 30.000.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hörður Karlsson, sæti varðhaldi í 30 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 25. apríl 1990 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hdl., kr. 30.000.